



## Samþykkt fyrir ungmennaráð á Akureyri

### Stofnun og tilgangur

Ungmennaráð Akureyrar var stofnað árið 2010 á grundvelli æskulýðslaga nr. 70/2007. Í 11. gr. laganna segir: „Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi“.

Tilgangur ungmennaráðs Akureyrar er annars vegar að veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og hins vegar að skapa vettvang og leiðir til þess að gera ungmennum kleift að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri m.a. við kjörna fulltrúa sveitarfélagsins. Samfélagssvið og frístundaráð hafa fræðsluskyldu gagnvart fulltrúum í ungmennaráði og skipuleggur frístundaráð fræðsludag fyrir ungmennaráð að hausti.

### Hlutverk:

Hlutverk ungmennaráðs er að vera vettvangur ungmenna til að hafa áhrif á næsta umhverfi sitt. Sem dæmi um starfsemi ungmennaráðs má nefna:

- Ungmennaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.
- Ungmennaráð getur komið með ábendingar um öll málefni sveitarfélagsins.
- Ungmennaráð beitir sér fyrir bættri þjónustu við börn og ungt fólk.

Nefndir og ráð bæjarins skulu senda ungmennaráði til umsagnar öll málefni sem snerta ungt fólk sérstaklega. Hafa skal í huga að í 12.gr. Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, sem jafnframt er ein af grundvallarreglum sáttmálans, stendur að „börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varðar þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samráði við aldur þeirra og þroska“. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi 20. febrúar 2013.

Ungmennaráð gerir tillögur til frístundaráðs um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi.

### Tilnefning og skipan í ungmennaráð:

Fulltrúar í ungmennaráði geta orðið þeir einstaklingar sem eiga lögheimili á Akureyri og eru á aldrinum 14 – 20 ára á árinu sem skipað er í ráðið hverju sinni.

Í ungmennaráði skulu sitja 11 nefndarmenn. Að minnsta kosti fjórir kjörnir nefndarmenn af grunnskólastigi og fjórir af framhaldsskólastigi. Efnt er til kosninga að vori fyrir nefndarmenn af framhaldsskólastigi í samráði við skólafélögin en að hausti af grunnskólastigi. Ef laus sæti

eru í ungmennaráði eftir kosningar geta skólar, félagsmiðstöðvar og ungmenni Akureyrar tilnefnt fulltrúa í ráðið.

Nefndarmenn sitja í ungmennaráði einn vetur í senn og er þá aftur efnt til kosninga en sitjandi nefndarmönnum gefst kostur á að bjóða sig fram aftur.

Í samræmi við jafnréttislög nr. 10/2008 skal hlutfall kynjanna vera sem jafnast og eru laus sæti miðuð út frá því.

Fulltrúa í ungmennaráð skal skipa fyrir 1. október ár hvert.

### **Fundir:**

Ungmennaráð fundar að öllu jöfnu einu sinni í mánuði yfir vetrartímam. Í mars ár hvert skal haldinn sérstakur bæjarstjórnarfundur unga fólksins og 2x á ári skulu haldnir sameiginlegir fundir frístundaráðs og ungmennaráðs, einn að vori og annar að hausti. Haustfundurinn skal vera sérstaklega fræðslumiðaður.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglur um almenn fundarsköp með þeirri undantekningu að ekki er skipað í embætti og bera allir nefndarmenn jafnmikla ábyrgð og skipta þeir fundarstjórn á milli sín. Starfsmaður í samráði við ungmennaráð boðar til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra nefndarmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ungmennaráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess. Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema ungmennaráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Starfsmaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

### **Þjónusta Akureyrarbæjar við ungmennaráð:**

Til að greiða fyrir starfsemi ungmennaráðs beinir Akureyrarbær þeim tilmælum til stofnana bæjarins að þær veiti ungmennaráði aðstöðu til fundahalds án endurgjalds.

Frístundaráð úthlutar fjárhagsramma til ungmennaráðs í samræmi við samþykktan fjárhagsramma bæjarstjórnar fyrir hvert starfsár. Ráðið gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna verkefna ungmennaráðs

Ungmennaráð getur og er hvatt til að sækja styrki til Frístundaráðs fyrir sérstökum tilfallandi verkefnum hvort sem um er að ræða verkefni heima eða erlendis.

Forvarna- og frístundadeild Samfélagssviðs tilnefnir starfsmann úr sínum röðum til að vera umsjónarmaður ungmennaráðs. Umsjónarmaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess. Umsjónarmaður hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum ungmennaráðs.

Umsjónarmaður ungmennaráðs aðstoðar við upplýsingaöflun úr bæjarkerfinu ásamt því að birta fundargerðir ráðsins á vefnum. Fundargerðir ungmennaráðs eru birtar á vef Akureyrarbæjar. Fundargerðirnar eru teknar til kynningar á fundum frístundaráðs.

## **Samskipti**

Samfélagssvið og deildarstjóri forvarna- og frístundamála eru tengiliðir ungmennaráðs við bæjarkerfið.

Ungmennaráð á áheyrnarfulltrúa í frístundaráði og fræðsluráði.

Ungmennaráð kemur erindum sínum á framfæri við bæjarstjórn eða stjórnslu bæjarins með formlegum hætti, þ.e. með bréfi eða tölvupósti. Akureyrarbæ ber að svara erindum með bréfi eða tölvupósti.

Samþykkt í frístundaráði 6. apríl 2017

Samþykkt í bæjarráði 22. febrúar 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 6. mars 2018